# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

185. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 9. ÁGÚST 2017




Hinsegin dagar hófust í gær þegar stjórn Hinsegin daga og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, mála fyrstu gleðirendurnar við inngang Ráðhússins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fengu ónýtt hús á 19 milljónir

**STJÓRNSÝSLA** Þingvallanefnd keypti ónýtt sumarhús við Þingvallavatn af þrotabúi fyrir rúmar 19 milljónir króna. Lóðin er í eigu ríkisins sjálfs sem framlengdi lóðarleigusamning til tíu ára rétt fyrir viðskiptin þótt húsið væri ónýtt og keypt til niðurrifs að ósk Þingvallanefndar – gar / sjá síðu 4

## Verða áfram án formanns

**NEYTENDUR** Allt bendir til að Neytendasamtökin verði án formanns fram á síðari hluta næsta árs. Lög félagsins standa í vegi fyrir formannskjöri og stjórn samtakanna leitar nú til lögfróðra manna um túlkun laganna. – aá / sjá síðu 6

# Fimm árum of sein með skýrslu um pyndingar

**Dómsmálaráðuneyti bar að skila skýrslunni 2012, í tíð Ögmundur Jónassonar.**

**STJÓRNSÝSLA** Stjórnvöld hafa ekki skilað skýrslu til nefndar Sameinuðu þjóðanna (SÞ) gegn pyndingum, eins og þeim ber að gera samkvæmt alþjóðasamningi. Skýrslunni átti að skila fyrir 20. júlí 2012. Þetta staðfestir ritari nefndarinnar í Genf. „Við erum alltaf að bíða eftir skýrslu ríkisins,“ segir Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdarstýra Mannréttindaskrifstofu Íslands, sem fylgist með samskiptum stjórnvalda við eftirlitsnefndir SÞ.

Meðal þess sem nefndin leitar svara við á Íslandi eru málefni sem hafa mikið verið í kastljósi fjölmiðla undanfarin ár, til að mynda upplýsingar um tíðni og lengd einangrunarvistar í fangelsum, fjölda þeirra sem fá ekki að afplána dóma sína vegna plássleysis í fangelsum, ráðstafanir til að tryggja Umboðsmanni Alþingis fjármagn til að sinna eftirliti með fangelsum og rannsókn á kvörtunum um óviðeigandi meðferð löggæslumanna á fólki í varðhaldi, á flugvöllum og í mótmælaaðgerðum almennings.

Hvorki náðist í fulltrúa dómsmálaráðuneytis né dómsmálaráðherra við vinnslu fréttarinnar. – aá

**» Nefndin óskar meðal annars upplýsinga um rannsókn íslenskra stjórnvalda á meintu fangaflugi bandarísku leyniþjónustunnar CIA á íslensku yfirráðasvæði, á leið sinni með fanga til Guantanamo-fangelsisins alræmda.**

## Fréttablaðið í dag

Halldór




**SKOÐUN** Kjartan Magnússon skrifar um fúsk við stöðuveitingar borgarinnar. 10

**SPORT** Ásdís endaði í 11. sæti í spjótkasti á HM í London. 12

**TÍMAMÓT** Berglind og Rúnar bjóða til veislu í Mengi í kvöld. 14

**LÍFIÐ** Bolli Magnússon sér Kópavog í öðru ljósi en aðrir íbúar í bænum. 22

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


SIGRAÐU ÞIG

Reykjavíkin skokkar!

Emmsjé Gauti hitar mannskapinn upp fyrir Skemmtiskokkið kl. 12. Skráðu þig á rmi.is.

19. ÁGÚST 2017

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

## Veður




Norðvestlæg átt, 3-10 í dag. Víða dálítil rigning, en að mestu þurrt sunnan til. Úrkomuminna seinnipartinn. SJÁ SÍÐU 16

# Glittir í marglyttur á Kársnesi



Þessar marglyttur urðu á vegi ljósmyndara Fréttablaðsins á norðanverðu Kársnesi í gær. Á vefnum Vistey má finna fróðleik um þessar áhugaverðu lífverur. Við Ísland finnast sex til sjö tegundir marglytta. Hér við land eru þó engar verulega hættulegar tegundir, þótt sumar geti valdið sviða eða jafnvel brunasárum. Talið er líklegt að marglyttur valdi einhverjum skaða á nytjastofnum hér við land með áti á seiðum og svifi. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY

# Persónuvernd skoðar birtingu ljósmyndar af ungum pilti

**PERSÓNUVERND** Alvarleg og aðsteðjandi hætta er skilyrði fyrir opinberri myndbirtingu eins og þeirri sem lögregla viðhafði fyrir helgi þegar mynd af unglingspilti var send fjölmiðlum í tengslum við rannsókn alvarlegs kynferðisbrots í Breiðholtslaug. Þetta er áskilið í 6. gr. reglugerðar um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

> Þegar lögregla ákveður að auglýsa eftir einstaklingum í fjölmiðlum þarf vandað mat að hafa farið fram á því hvort alvarleg og aðsteðjandi hætta er fyrir hendi.



Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar

„Þegar lögregla ákveður að auglýsa eftir einstaklingum í fjölmiðlum þarf vandað mat að hafa farið fram á því hvort alvarleg og aðsteðjandi hætta er fyrir hendi sem réttlæti miðlun slíkra upplýsinga,“ segir Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, og bendir á að lögreglan sjálf eigi að meta þetta en lögreglan þurfi að sama skapi að fara að meginreglum persónuverndarlaga um sanngirni og meðalhóf. „Venjulega viðhefur lögregla þetta mat og það þarf þá að skoða það sérstaklega hafi svo ekki verið,“ segir Helga og bætir við: „Allt eftirlit með lögum um meðferð persónuupplýsinga heyrir undir Persónuvernd þannig að við munum bara fara yfir þetta mál og sjá hvort talin verður þörf á að óska eftir skýringum lögreglunnar.“ **– aá**

# Fæstir fá skattaívilnun

**HEILBRIGÐISMÁL** „Okkar reynsla hjá Krafti og Krabbameinsfélaginu er sú að fólk hefur sótt um þetta og yfirleitt fengið höfnun. Þá veltir maður fyrir sér hversu litlar tekjur fólk þarf að hafa til að eiga möguleika á að fá svona fyrirgreiðslu. Það virðist ekki vera raunhæfur möguleiki,“ segir Ragnheiður Davíðsdóttir, verkefnastjóri Krafts.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 var sagt frá tveggja barna föður sem berst við ristilkrabbamein. Við síðustu skattskil sótti hann um ívilnun vegna hluta þess kostnaðar sem fjölskyldan hefur lagt út fyrir lyfjum og lækniskostnaði, rúmar 624 þúsund krónur. Frjálst mat stjórnvalds ræður því hverjir fá skattaívilnun vegna veikinda, lyfja og lækniskostnaðar.

„Ef það er geðþóttaákvörðun hjá fulltrúum ríkisskattstjóra hverjir fá lækkun og hverjir ekki þá finnst manni líklegt að ríkið gæti sinna eigin hagsmuna,“ segir Ragnheiður. **– jhh**

# Fyrsta barnahornið vék fyrir spjaldtölvum

**Eigendur Lauga-áss í Laugardalnum fjarlægðu í byrjun sumars barnahorn veitingastaðarins sem hafði verið þar frá opnun eða 1979. Yngstu gestirnir leika sér nú í spjaldtölvum og farsímum. Kubbarnir og bækurnar enduðu því í kössum.**



Ragnar Guðmundsson og Jóhann Jónsson, yfirmatreiðslumaður á Lauga-ási, með kubbana sem nú eru komnir í kassa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SAMFÉLAG** „Börn eru hætt að kubba,“ segir Ragnar Guðmundsson, matreiðslumeistari og einn eigenda Lauga-áss, um ákvörðun sína um að fjarlægja barnahorn veitingastaðarins í byrjun sumars. Þá voru liðin 38 ár síðan Ragnar kom upp sérstakri leikaðstöðu fyrir sína yngstu gesti með kubbum og bókum.

„Ég hafði þá unnið á fleiri veitingastöðum og við vorum fyrst til að gera barnahorn og fengum kubba, bækur og blöð. Á þessum tíma var lítið um að fjölskyldur færu út að borða og við vorum með ódýran mat fyrir þær. Við vorum búin að vera með barnahorn í tvö ár þegar bankarnir loksins uppgötvuðu þau,“ segir Ragnar og hlær.

„En svo voru krakkarnir alveg hættir að fara í hornið enda allir komnir með iPad, tölvur og síma. Tækin eru notuð við borðin þar sem foreldrarnir eru. Ég er því búinn að setja borð og stóla í staðinn fyrir barnahornið,“ segir Ragnar.

Lauga-ás var opnaður sumarið 1979 við Laugarásveg 1 í Laugardalnum í Reykjavík. Staðurinn hefur allar götur síðan sérhæft sig í þjóðlegum íslenskum réttum. Sú nýbreytni að staðurinn bauð börnum að dunda sér með kubba og lesa bækur vakti athygli á sínum tíma og fjallað var um framtakið í fjölmiðlum. Í umfjöllun Vikunnar árið 1980 var það sagt sérstaklega lofsvert og bent á að aðrir veitingastaðir hefðu gert slíkt hið sama.




Barnahorn veitingastaðarins var síðast tekið í gegn árið 1999.

> En svo voru krakkarnir alveg hættir að fara í hornið enda allir komnir með iPad, tölvur og síma.

Ragnar Guðmundsson, matreiðslumeistari á Lauga-ási

„Nú sér maður meira að segja litla krakka í barnastólum og það er sett fyrir framan þá lítil tölva,“ segir Ragnar og tekur fram að börn séu áfram velkomin á staðinn.

„Maður er nú kominn á efri árin og kann varla á þessi tæki sjálfur,“ segir Ragnar sem rekur Lauga-ás ásamt syni sínum, Guðmundi Kr. Ragnarssyni. **haraldur@frettabladid.is**



SMÁRALIND




**ÚTSÖLULOK OG ENN MEIRI AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM**

OPIÐ TIL 19 Í KVÖLD

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Telja markaðsvirði Össurar of hátt og uppgjör valda vonbrigðum

**VIÐSKIPTI** Capacent telur að rekstur stoðtækjaframleiðandans Össurar sé góður og hafi skilað fjárfestum góðum arði. Hins vegar sé verð félagsins á markaði of hátt.

Samkvæmt nýju verðmati Capacent, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er Össur metinn á 1.525 milljónir dala sem jafngildir 158,6 milljörðum króna og verðmatsgenginu 369 krónur á hlut. Gengi bréfa í félaginu var 470 krónur þegar verðmatið var gert, 2. ágúst, og er matið því um 21 prósenti undir markaðsgengi.

Greinendur Capacent telja uppgjör Össurar á fyrstu sex mánuðum ársins hafa valdið vonbrigðum. Þeir benda á að rekstraráætlun félagsins hafi verið endurskoðuð. Nú geri félagið ráð fyrir að EBITDA-hlutfallið verði átján til nítján prósent, en ekki nítján til tuttugu prósent eins og áður. Þá hafi innri vöxtur Össurar á Ameríkumarkaði verið lítill eða eitt prósent, líklega vegna aukinnar samkeppni, sér í lagi í framleiðslu stuðningsvara. Benda þeir á að sala stuðningsvara hafi dregist saman nær samfellt frá árinu 2014.

**6,4%**
**er ársvöxtur Össurar að meðaltali síðustu sex ár.**

Þeir taka þó fram að rekstur Össurar hafi verið sterkur og EBITDA-hlutfallið hátt eða um nítján prósent að meðaltali á árunum 2010 til 2016. Gerir Capacent ráð fyrir að hlutfallið verði komið í 20,1 prósent á næsta ári og 20,8 prósent árið 2021. Auk þess er gert ráð fyrir um 7,5 prósenta tekjuvexti á þessu ári en á næstu árum er spáð 5,1 prósents tekjuvexti sem endurspeglar hagvöxt og verðbólgu á helstu markaðssvæðum Össurar.

Greinendur Capacent segja að framlegðin sé há á markaðinum fyrir framleiðslu stoð- og stuðningstækja. Því sé líklegt að fleiri vilji „komast að veisluborðinu“. Telur Capacent því að helstu áskoranirnar í rekstri Össurar til framtíðar tengist vaxandi samkeppni. – **kij**

## Kynnir gögn um mál Róberts

**STJÓRNSÝSLA** Brynjar Níelsson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, er kominn með í hendurnar gögn frá dómsmálaráðuneytinu er varða þá ákvörðun að veita Róberti Árna Hreiðarssyni, sem nú heitir Róbert Downey, uppreist æru.

Ákvörðunin hefur sætt mikilli gagnrýni, en Róbert var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn ungum stúlkum fyrir um áratug. Brynjar ætlar að kynna nefndarmönnum öll gögn málsins, meðal annars gögn um það hverjir veittu umsagnir um veitingu uppreistar æru. – **jhh**



**Brynjar Níelsson, alþingismaður**



**Hagar reka Bónus og Hagkaup.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Skörp lækkun á gengi bréfa

**VIÐSKIPTI** Gengi bréfa í Högum, sem reka Bónus og Hagkaup, lækkaði um 7,24 prósent í viðskiptum í gær og nam gengið 36,5 krónum í lok dags. Eins og fram hefur komið sendi félagið frá sér afkomuviðvörun á föstudaginn þar sem varað var við því að sala félagsins hafi dregist saman í júlí. Það er í annað skiptið í sumar sem slík afkomuviðvörun er send. Lækkun á gengi bréfa í Högum frá því að Costco opnaði hinn 23. maí nemur samtals 33,9 prósentum. Markaðsvirði félagsins er nú um 42 milljarðar króna. – **jhh**

# Ríkið greiddi 19 milljónir fyrir ónýtt hús á eigin Þingvallalóð

**Þingvallanefnd keypti ónýtt sumarhús við Þingvallavatn af þrotabúi fyrir rúmar 19 milljónir króna. Lóðin er í eigu ríkisins sjálfs sem framlengdi lóðarleigusamning til tíu ára rétt fyrir viðskiptin þótt húsið væri ónýtt og keypt til niðurrifs að ósk Þingvallanefndar sem nú hefur verið skikkuð til að afhenda gögn um viðskiptin.**



**Ónýtt 54 fermetra sumarhús frá 1965 við Þingvallavatn sem ríkið keypti 2014 var rifið í febrúar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

**STJÓRNSÝSLA** Ríkið borgaði 19,2 milljónir króna fyrir ónýtt sumarhús á leigulóð í eigu ríkisins á bakka Þingvallavatns. Þetta kemur fram í gögnum sem úrskurðarnefnd um upplýsingamál lagði fyrir Þingvallanefnd að afhenda Fréttablaðinu.

Þingvallanefnd var í júní 2013 með bréfi frá lögmanni þrotabús einkahlutafélagsins V86 boðið að ganga inn í 19,25 milljóna króna tilboð í sumarbústað á Valhallarstíg. Í september það ár lýsti Þingvallanefnd vilja til að leita til forsætisráðuneytisins um fjármögnun á kaupunum.

Þrátt fyrir að húsið væri talið ónýtt var leigusamningur eigandans við ríkið vegna lóðarinnar framlengdur til tíu ára 1. janúar 2014, aðeins um sex vikum áður en þjóðgarðsvörður sendi forsætisráðuneytinu bréf í febrúar og óskaði heimildar til að kaupa húsið. Það var síðan keypt í apríl 2014.

Byrjað var að rífa bústaðinn og fjarlægja í febrúar á þessu ári eins og kom þá fram í Fréttablaðinu. Óskaði blaðið þá eftir gögnum um viðskiptin. Ekki var orðið við því af hálfu þjóðgarðsvarðar og Þingvallanefndar og vísaði blaðið málinu í mars til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem úrskurðaði 27. júlí að afhenda ætti þau gögn sem til væru.

Í úrskurði upplýsinganefndarinnar segir að Þingvallanefnd hafi borið fyrir sig að þegar opinberir aðilar komi fram eins og hverjir aðrir einkaaðilar við kaup og sölu fasteigna geti upplýsingar um kaup- og söluverð og upplýsingar um greiðsluskilmála verið þess eðlis að sanngjarnt sé og eðlilegt að þær fari leynt í skilningi upplýsingalaga. Því til stuðnings hafi Þingvallanefnd meðal annars bent á fjóra úrskurði frá fyrstu starfsárum úrskurðarnefndarinnar frá 1997 til 2000.

„Í öllum þessum málum var hins vegar fjallað um hagsmuni viðsemjenda hins opinbera af því að upplýsingar um viðskiptin færu leynt,“ undirstrikar úrskurðarnefndin. Þingvallaþjóðgarður, Þingvallanefnd eða íslenska ríkið geti ekki átt mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni af því að upplýsingar um kaup hins opinbera á fasteign fari leynt í skilningi upplýsingalaga. „Almenningur hefur hins vegar ríka hagsmuni af því að geta kynnt sér gögn um ráðstöfun opinberra hagsmuna.“

> **Hér er að mati Þingvallanefndar um einstakt tækifæri að ræða, tækifæri sem væntanlega mun ekki bjóðast aftur á næstu árum.**
>
> Úr bréfi þjóðgarðsvarðar til forsætisráðuneytisins

Lagt var fyrir Þingvallanefnd að afhenda annars vegar kaupsamning og afsal vegna viðskiptanna og hins vegar bréf frá Ólafi Erni Haraldssyni þjóðgarðsverði þar sem óskað er eftir leyfi forsætisráðuneytisins til kaupanna.

„Í lýsingu á fasteigninni í kaupsamningi kemur fram að húsið sé ónýtt og það þurfi að rífa það,“ upplýsir þjóðgarðsvörður í bréfinu. Markmið Þingvallanefndar sé að fjarlægja húsið og opna þannig aðgengi almennings að Þingvallavatni þar sem ekki sé unnt að ganga meðfram vatninu á þessum slóðum vegna legu lóða og sumarhúsa.

„Hér er að mati Þingvallanefndar um einstakt tækifæri að ræða, tækifæri sem væntanlega mun ekki bjóðast aftur á næstu árum þar sem sumarbústaðir á lóðum við Valhallarstíg hafa flestir verið endurnýjaðir eða endurbyggðir og er verðmæti þeirra því mun hærra en það sem hér um ræðir.“

**gar@frettabladid.is**






**Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með Auris meðan tilboðið gildir**

Þegar mikið er í húfi er gulls ígildi að hafa samherja innan sinna raða sem dregur fram það besta í öðrum. Ef þú vilt finna leikgleði í liprum akstri skaltu bruna til næsta viðurkennda söluaðila og nýta þér sértilboð á öllum gerðum Auris, hinum eina sanna óska-samherja. Jafnframt fylgja fjórfaldir Vildarpunktar með öllum gerðum Auris. Skelltu þér á hann áður en lokaflautið gellur.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



**Jacob Zuma nýtur enn trausts suðurafríska þingsins.** NORDICPHOTOS/AFP

# Stóð af sér vantraust í áttunda sinn

**SUÐUR-AFRÍKA** Þingmenn á suðurafríska þinginu höfnuðu í gær að lýsa vantrausti á forsetann, Jacob Zuma. Á meðan leynileg atkvæðagreiðsla þingmanna fór fram efndu andstæðingar forsetans til fjöldamótmæla víðs vegar um land. Meðal annars í stórborgunum Jóhannesarborg, Pretoríu og Höfðaborg. Var þetta í áttunda skipti sem kosið var um vantraust á Zuma forseta. Fyrri atkvæðagreiðslurnar sjö voru ekki leynilegar en Baleka Mbete, forseti þingsins, samþykkti að atkvæðagreiðsla gærdagsins yrði leynileg eftir að stjórnarandstaðan krafðist þess og fór með málið fyrir stjórnlagadómstól landsins.

Ljóst var að fimmtíu af 249 þingmönnum Afríska þjóðarráðsins, flokks Zuma, þurftu að kjósa gegn forseta sínum til að tillagan yrði samþykkt.

Svo fór að 198 kusu gegn tillögunni, 177 með henni, og stóð forsetinn af sér vantraust í áttunda sinn. **– þea**

# Of snemmt að slá föstu hver áhrif Costco verða

**Forstjóri Samkeppniseftirlitsins segir eftirlitið hafa rannsakað ítarlega möguleg áhrif bandaríska risans Costco á íslenskan markað. Niðurstaða eftirlitsins hafi verið sú að of snemmt væri að slá því föstu hver áhrifin verða til lengri tíma litið.**

**VIÐSKIPTI** Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir ekki rétt að Samkeppniseftirlitið hafi ekki tekið tillit til áhrifa af komu Costco í ákvörðun sinni í máli Haga og Lyfju. Þvert á móti hafi heill kafli í ákvörðuninni verið helgaður innkomu bandaríska risans á íslenskan markað. Í því ljósi komi fullyrðingar Andrésar Magnússonar, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu, á óvart.

Andrés sagði í blaðinu í gær ekkert benda til þess að eftirlitið hafi, þegar það ógilti kaup Haga á Lyfju fyrr í sumar, tekið tillit til áhrifanna af komu Costco.

Hagar hafa ekki ákveðið hvort ákvörðun eftirlitsins verður áfrýjað.

Páll Gunnar segir að rannsókn málsins hafi leitt í ljós að Costco hafi takmörkuð áhrif á þá markaði sem Hagar og Lyfja starfa bæði á. „Hvað dagvörumarkaðinn áhrærir höfum við bent á að það sé of snemmt að slá því föstu hver áhrif Costco muni verða hér á landi til lengri tíma litið. Hagar og aðrir markaðsaðilar gerðu sama fyrirvara, að það væri ekki komin nógu mikil reynsla af Costco. Við munum svo án efa leggja mat á þetta aftur þegar meiri reynsla er fengin af innkomu Costco.“

Hann segir það hlutverk samkeppnisyfirvalda að gæta almannahagsmuna og koma í veg fyrir að samrunar eigi sér stað sem skaði samkeppni og leiði þannig til hærra verðs eða verri þjónustu fyrir viðskiptavini. „Við verðum að vanda þetta mat og gæta þess að stefna ekki hagsmunum almennings í voða.“

> Við munum án efa leggja mat á þetta aftur þegar meiri reynsla er fengin af innkomu Costco.
>
> Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins



Páll Gunnar segir að í ákvörðun eftirlitsins sé gerð grein fyrir ítarlegri rannsókn þess á áhrifum Costco. „Þar kemur fram að við öfluðum mjög víðtækra gagna, bæði frá samrunaaðilum og öðrum félögum sem starfa á dagvörumarkaði, í smásölu og heildsölu, en mörg þeirra lýstu yfir áhyggjum af samrunanum.

Við öfluðum meðal annars áætlana frá Costco og Högum og öðrum keppinautum um innkomu Costco, upplýsinga um reynslu af opnun Costco annars staðar, tölulegra upplýsinga um rekstur Costco og veltu á fyrstu fjórum vikum starfseminnar og eins tölulegra upplýsinga frá öðrum félögum á markaðinum sem gáfu þá til kynna hver raunveruleg áhrif Costco voru á sölu í einstökum vöruflokkum. Við skoðuðum auk þess upplýsingar um veltu annarra erlendra verslanakeðja sem hafa hafið starfsemi hér á liðnum árum.

Á grundvelli gagnanna sem við öfluðum stilltum við upp mögulegum sviðsmyndum af áhrifum Costco og byggðum okkar ályktanir á þeim.“

Hann tekur fram að Costco hafi ekki hafið starfsemi hér á landi fyrr en undir lok þess lögbundna tímafrests sem eftirlitið hafði til þess að ljúka afgreiðslu málsins. „Þannig að það var í raun og veru ekki fyrr en undir lok frestsins sem við gátum aflað upplýsinga um raunverulega reynslu af fyrstu vikum starfsemi Costco. Það verður síðan að koma í ljós hver þróunin verður.

Það liggur í hlutarins eðli að þetta verður skoðað aftur. Það er augljóst að við rannsókn á öðrum samrunum, sem tengjast þeim mörkuðum sem Costco starfar á, munum við afla gagna að nýju og höfum þá lengri reynslu til þess að byggja mat okkar á.“ **kristinningi@frettabladid.is**

# Formannslaust fram á haust 2018

**NEYTENDUR** Allt bendir til að Neytendasamtökin verði án formanns fram á síðari hluta næsta árs. Lög félagsins standa í vegi fyrir formannskjöri og stjórn samtakanna leitar nú til lögfróðra aðila um túlkun þeirra, vegna formannskrísunnar.

„Við erum að glíma við tvennt, annars vegar fjárhagsvandann, en það er hluti af aðhaldsaðgerðum hjá okkur að hafa ekki formann á launum. Hins vegar eru lögin okkar svolítið erfið. Þau gera ekki ráð fyrir svona frávikum, eins og að formaður fari frá og við þurfum að heyra í lögfróðum mönnum um hvernig við glímum við það,“ segir Stefán Hrafn Jónsson, varaformaður Neytendasamtakanna. Félagið hefur verið formannslaust frá því að Ólafur Arnarson sagði af sér formennsku 10. júlí eftir stutta og stormasama formannstíð.



**Stefán Hrafn Jónsson.**

Aðspurður segist Stefán ekki eiga von á að blásið verði til þings í haust. Tíminn sé of knappur og lögin gera bara ráð fyrir reglulegu þingi á tveggja ára fresti. Þá gera lögin heldur ekki ráð fyrir því að formannskjör geti farið fram á öðrum vettvangi en á þingi.

Stjórnin hefur boðað félagsmenn til fundar þann 17. ágúst næstkomandi þar sem farið verður yfir þessi mál „og leitað eftir aðstoð og tillögum frá félagsmönnum“ að því er fram kemur í fundarboði á vef samtakanna. **– aá**


nordanfiskur
Góður kostur – á hvers manns disk!
Yfir 300 vörutegundir fyrir veitingastaði, mötuneyti og fyrir þig!
www.nordanfiskur.is | 430-1700 | pantanir@nordanfiskur.is

AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW
• Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
• Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.
Volkswagen
Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.
bilson – VERKSTÆÐIÐ –
Kletthálsi 9 • Sími 568 1090
Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is

FYRIR FLESTAR GERÐIR BÍLA...
Gabriel – Ride the independent spirit
SUPLEX GERMANY
HÖGGDEYFAR
GORMAR
VANRÆKTU EKKI VIÐHALDIÐ!
STÁL OG STANSAR | SÍMI: 517-5000 | VAGNHÖFÐI 7 | STALOGSTANSAR.IS
Stál og Stansar

Full búð af nýjum vörum!
Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34
VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar
Síðan 1918




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík Sími 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri Sími 515 7050

mazda.is















Brigitte Macron hefur verið mikið í sviðsljósinu frá því að Emmanuel Macron tók við embætti forseta. Á dögunum tók hún á móti söngkonunni Rihönnu og ræddu þær saman um stuðning Frakka við góðgerðarsamtök. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Frakkar hafna opinberu embætti forsetafrúar

**Frakklandsforseti bakkar með umdeild áform um opinbert hlutverk forsetafrúar. Meginþorri Frakka andvígur því að gera hlutverk forsetafrúar formlegt. Forsetinn sakaður um hræsni vegna áformanna og mælist óvinsælli en Bandaríkjaforseti.**

**FRAKKLAND** Brigitte Macron, eiginkona Emmanuels Macron Frakklandsforseta, mun ekki gegna opinberu hlutverki forsetafrúar Frakklands. Frá þessu greindi Telegraph í gær og vísaði í heimildarmenn innan frönsku ríkisstjórnarinnar sem og franska fjölmiðla. Tók forsetinn þessa ákvörðun í kjölfar þess að 280.000 Frakkar mótmæltu því að forsetafrúin fengi slíkt hlutverk.

Áður hafði talsmaður ríkisstjórnarinnar, Christophe Castaner, tíst því að Brigitte Macron myndi ekki gegna slíku hlutverki. Tíst Castaner dugði hins vegar ekki til að kveða niður orðróm þess efnis.

Ekki er gert ráð fyrir opinberu hlutverki forsetafrúar í frönsku stjórnarskránni og þá er ekki hefð fyrir slíku í frönskum stjórnmálum, þótt forsetafrúin fái venjulega skrifstofu í Elysées-höll og ráði aðstoðarmenn. Forsetinn lofaði því hins vegar fyrir forsetakosningarnar fyrr á árinu að Brigitte Macron fengi opinbert hlutverk og vakti það loforð jafnt neikvæða sem jákvæða athygli.

Ríkisstjórn Frakklands áformar á næstunni að setja lög sem meina þingmönnum að ráða sér aðstoðarmenn úr skylduliði sínu og er það

> **Deilan um hlutverk Brigitte Macron er til marks um þau vandræði sem eiginmaður hennar hefur lent í undanfarna daga. Nú, þremur mánuðum eftir að hann var kjörinn, eru vinsældir hans að dvína hratt.**

liður í átaki forsetans gegn spillingu. Skemmst er að minnast þess er Francois Fillon, forsetaframbjóðandi Repúblikana, missti stóran hluta fylgis síns vegna gruns um að hann hefði borgað vandamönnum sínum laun fyrir óunnin störf. Var Macron því sakaður um hræsni þegar til stóð að gera hlutverk forsetafrúar formlegt.

Ljóst er að franska þjóðin er ekki hrifin af því að gera hlutverk forsetafrúar formlegt og opinbert, líkt og tíðkast í Bandaríkjunum. Um 280.000 undirskriftir söfnuðust gegn áformunum og þá sýnir könnun YouGov að 68 prósent Frakka eru andvíg því að maki forseta fái opinbert hlutverk.

Á næstu dögum stendur þó til að birta skýrslu um hlutverk Brigitte Macron. Segja talsmenn ríkisstjórnarinnar það gert í nafni gegnsæis. Mun skjalið skýra hlutverk forsetafrúarinnar, án þess þó að stofnað sé sérstakt embætti í kringum hana. Þá verða upplýsingar gerða opinberar um hvað forsetafrúin kostar skattgreiðendur.

Deilan um hlutverk Brigitte Macron er til marks um þau vandræði sem eiginmaður hennar hefur lent í undanfarna daga. Nú, þremur mánuðum eftir að hann var kjörinn, eru vinsældir hans að dvína hratt. Nýlegar kannanir sýna í fyrsta sinn að fleiri eru andvígir forsetanum en hlynntir honum.

Samkvæmt nýrri könnun YouGov og Huffington Post nýtur forsetinn stuðnings 36 prósenta Frakka. Ef marka má þá könnun er Macron óvinsælli en Donald Trump Bandaríkjaforseti. Sá nýtur stuðnings 38 prósenta þjóðar sinnar ef marka má kannanir Gallup og CNN sem báðar birtust á sunnudag. Enginn Bandaríkjaforseti hefur notið jafn lítils stuðnings eftir jafn stuttan tíma í embætti frá því sambærilegar mælingar hófust.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Schulz mun sitja sem fastast

**ÞÝSKALAND** Martin Schulz, kanslaraefni þýska Jafnaðarmannaflokksins, mun ekki segja af sér formannsembætti í flokknum jafnvel þótt flokkur hans tapi í þingkosningum næsta mánaðar.

Skoðanakannanir benda sterklega til þess að einmitt það muni gerast í september. Kristilegir demókratar, flokkur Angelu Merkel kanslara, mælast með 37 til 38 prósenta stuðning í fjórum nýjustu könnununum. Aftur á móti mælast Jafnaðarmenn með 23 til 25 prósenta fylgi og er því ljóst að nokkur munur er á flokkunum.

„Ég mun að sjálfsögðu sækjast eftir endurkjöri á næsta landsþingi,“ sagði Schulz við fjölmiðla í gær. „Jafnaðarmannaflokkurinn myndi njóta þess að leiðtogar hans þjónuðu lengur.“




Barátta fyrir þingkosningar í Þýskalandi er hafin. NORDICPHOTOS/AFP

Schulz var kosinn leiðtogi flokksins á landsþingi í mars. Fékk hann hundrað prósent greiddra atkvæða. Í kjölfar landsþingsins tók fylgi Jafnaðarmannaflokksins kipp en það lækkaði þó aftur í fyrra horf. Áður hafði hann meðal annars gegnt hlutverki forseta Evrópuþingsins.

Jafnaðarmannaflokkurinn hefur undanfarið kjörtímabil setið með Kristilegum demókrötum í ríkisstjórn og er ekki útilokað að það samstarf haldi áfram að loknum kosningum. Þó gefa sumar skoðanakannanir til kynna að hægriflokkurinn Frjálsir demókratar gæti fengið nógu marga þingmenn til að tryggja meirihluta með flokki Merkel. **– þea**

# ÚTSALA

VANGO GÖNGUTJÖLD 20-30% AFSLÁTTUR

ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70% AFSLÁTTUR

SVEFNPOKAR OG BAKPOKAR 30% AFSLÁTTUR

GÖNGUSKÓR 20-70% AFSLÁTTUR

REIÐHJÓL 30-50% AFSLÁTTUR

EVEREST

Skeifunni 6 · www.everest.is

# Hvalirnir eru oft fólskulega pyntaðir til dauða



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Ýmsir virðast halda, að öll sjávardýr séu einföld dýr, eins og fiskar. Selir, höfrungar, hrefnur og hvalir meðtaldir. Þetta er auðvitað hin mesta firra; Öll eru þessi dýr háþróuð spendýr, í grundvallaratriðum sköpuð eins og við, mennirnir, og önnur landspendýr. Með háþróað skyn, greind og breitt tilfinningalíf. Meiðsli, áverkar og limlestingar valda þeim kvölum, nákvæmlega eins og okkur. Hvalir eru fílar úthafanna og selir hundar sjávarins. Á þýzku heitir selur „Seehund“.

Skilningsleysi margra á eðli og stöðu sjávarspendýra – jafnvel hið vænsta fólk hefur litlar eða engar tilfinningu fyrir lífi, velferð og afkomu þeirra – opnar dyrnar fyrir á stundum hrikalegu dýraníði kaldrifjaðra veiðimanna.

**Þar segir undir 21. gr.: Aflífun: „Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti …“ Er illskiljanlegt, að ekki skuli hafa reynt á þessa lagagrein við þessar veiðar hingað til. Verður nú úr þessu fálæti og afskiptaleysi stjórnvalda bætt. Verða hlutaðeigandi aðilar kærðir næstu daga.**

**Dráp með sprengjuskutli**

Gera menn sér grein fyrir, hvað gerist hér? Veiðiskip eltir hrefnu eða hval, sem auðvitað reynir að forða sér. En dýrin geta ekki kafað endalaust og verða að koma upp til að draga andann. Sjaldnast er sléttur sjór. Oft rigning og slæmt skyggni. Hvalabyssan er ekki nákvæmt drápstól. Hvalurinn er á ferð, og oftast sést aðeins á bak hans eða sporð í örstutta stund. Skyttan tekur í gikkinn og sprengjuskutullinn borar sig inn í síðu eða bak hvalsins og springur þar. Tætir hold og líffæri dýrsins, oft án þess að drepa strax. Klær skutulsins spennast út og læsast í innyflum og holdi dýrsins.

Hrikaleg átök hefjast, ef dýrið lifir skotið af. Það reynir að forða sér, gagntekið af heiftarlegum sársauka og kvölum, en veiðimenn setja spilið í gang til að „fanga bráðina“.

Í skýrslu um dráp á 50 langreyðum frá 2014 kemur fram, að 8 dýranna háðu dauðastríð í allt að 15 óendanlegar kvalamínútur! Varð að skjóta þau með sprengjuskutli nr. 2 til að drepa þau endanlega. Skelfilegar aðfarir og ömurleg helganga!

**Brot á lögum nr. 55/2013**

Í mínum huga eru þessar villimannlegu drápsaðfarir ekki aðeins skömm fyrir þá, sem að þeim standa, heldur einnig greinilegt brot á lögum um dýravelferð nr. 55/2013.

Þar segir undir 21. gr.: Aflífun: „Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti …“ Er illskiljanlegt, að ekki skuli hafa reynt á þessa lagagrein við þessar veiðar hingað til. Verður nú úr þessu fálæti og afskiptaleysi stjórnvalda bætt. Verða hlutaðeigandi aðilar kærðir næstu daga.

Í raun eru hvalveiðar smánarblettur á þeim þjóðum, sem þær stunda. Er illt, að við erum meðal þeirra.

**Hvað með landspendýrin?**

Hvernig fyndist fólki ef veiðimenn eltu uppi gíraffa eða nashyrninga á skutulstrukkum, skytu þá með sprengjuskutli í síðu eða bak og drægju þá svo hálfdauða og hálflifandi um holt og hæðir, mínútum saman. Eða, fíladráp með svipuðum hætti, þar sem verið væri að murka líftóruna úr dýrinu langtímunum saman. Gæti einhver hugsað sér, að verið væri að sarga líftóruna úr kind eða kálffullri kú mínútum saman!?

Hrefnukýrnar, sem nú er verið að drepa á Faxaflóa, eru margar þungaðar, með nær fullgenginn kálf í kviðnum. Skv. ofangreindum lögum, gr. 2, er bannað að drepa slík fóstur.

**Hvala- og seladrápi verður að linna**

Við getum ekki flokkað okkur með siðmenntuðum þjóðum svo lengi sem við höldum áfram hvaladrápinu. Við verðum að losa okkur við þennan smánarblett og þvo blóðugar hendur okkar af þessu miskunnarlausa og tilgangslausa kvaladrápi.

Það er ekki einu sinni neinn efnahagslegur grundvöllur fyrir þessum veiðum. Hvalur hf. situr á þúsundum tonna af óseldu hvalakjöti og IP-útgerð, sem stendur mest fyrir hrefnudrápinu, er rekin með milljóna tapi.

Fyrir var búið að eyða og útrýma um 90% af hvalastofninum. Sama sagan er með blessaðan selinn. 1980 voru yfir 32.000 selir við landið. Nú eru þeir komnir í 7.000. Mörgum kópnum var drekkt í netum.

Það er nóg komið af illu. Sláum nú botninn í þennan ljóta kafla.




Þessi nýja þvottavél frá Siemens er algjör bylting.
Hún er búin glænýrri tækni sem kallast **sensoFresh** og virkar eins og þurrhreinsun. Notar hvorki vatn né sápu. Fjarlægir lykt (t.d. matarlykt) úr viðkvæmum fatnaði á áhrifaríkan hátt. Fyrir fatnað sem ekki má þvo í þvottavél, s.s. jakka, blússur, silki o.fl.

Vélin tekur mest 8 kg og er með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. Tromlan („waveDrum") fer einstaklega vel með þvottinn. 15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta („antiVibration Design").

Framúrskarandi fyrirtæki

Við leggjum áherslu á hágæða vörur
og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

Gildir til og með 25. ágúst eða á meðan birgðir endast. Takmarkað magn.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

## Meistararnir hleyptu spennu í toppbaráttuna



**Hetjan Kristján Flóki** FH minnkaði forskot Vals á toppi Pepsi-deildar karla niður í sex stig með 2-1 sigri í leik liðanna í Kaplakrika í gær. Öll mörkin komu á fimm mínútna kafla í seinni hálfleik. Kristján Flóki Finnbogason skoraði sigurmark FH-inga með skalla eftir hornspyrnu á 57. mínútu. Sigurinn gefur FH gott veganesti fyrir úrslitaleik Borgunarbikarsins á laugardaginn. Þar mæta FH-ingar Eyjamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Aftur ellefta í Lundúnum

**Ásdís Hjálmsdóttir lenti í 11. sæti í úrslitum í spjótkasti á HM í frjálsum íþróttum sem fer fram á Lundúnaleikvanginum, sama velli og hún keppti á á Ólympíuleikunum fyrir fimm árum. Þá varð hún líka í 11. sæti.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Ásdís Hjálmsdóttir endaði í 11. sæti í úrslitum í spjótkasti á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum sem fer fram í London þessa dagana. Ásdís endaði einnig í 11. sæti í úrslitum á Ólympíuleikunum fyrir fimm árum. Keppnin fór þá fram á sama velli, Lundúnaleikvanginum, þar sem Ásdís virðist kunna afar vel við sig.

Ásdís tryggði sér sæti í úrslitunum með því að kasta 63,06 metra í undanúrslitunum á sunnudaginn. Það var níunda besta kastið í undanúrslitunum.

Ásdís byrjaði á því að kasta 57,38 metra og var í 10. sæti eftir 1. umferðina. Flestir keppendurnir gáfu í í 2. umferðinni og köstuðu lengra. Það gerði Ásdís einnig en annað kast hennar var afar gott, 60,16 metrar. Það kom Ármenningnum upp í 9. sætið, einu sæti frá því að komast í átta kvenna úrslit.

Það var allt undir í síðasta kasti Ásdísar. Þar gerði hún ógilt og möguleikinn á að komast í átta kvenna úrslit var því úr sögunni.

Þetta er þriðji besti árangur Ásdísar á stórmóti. Hún endaði í 8. sæti á EM í Amsterdam í fyrra og í 10. sæti á EM í Barcelona 2010. Sumarið hefur verið afar gott hjá Ásdísi. Hún vann gull á Smáþjóðleikunum og bætti svo Íslandsmetið sitt í síðasta mánuði. **ingvithor@365.is**

### Fimmta besta afrek Íslendings á HM í frjálsum

Ásdís Hjálmsdóttir varð í gærkvöldi fimmti íslenski íþróttamaðurinn sem kemst í hóp þeirra ellefu bestu á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum. Þetta er jafnframt þriðji besti árangur íslenskrar konu á HM. Ásdís var í London í gærkvöldi fyrsti Íslendingurinn í fjórtán ár til að keppa til úrslita á HM eða síðan Þórey Edda Elísdóttir komst í úrslit á HM í París 2003. Tveimur árum áður jafnaði Þórey Edda metið yfir besta árangur Íslendings á HM í frjálsum þegar hún náði 6. sæti í stangarstökki kvenna á HM í Edmonton 2001. Sigurður Einarsson setti metið með því að enda í 6. sæti í spjótkasti á HM í Tókýó 1991. Ísland átti tvo kastara í þeim úrslitum því Einar Vilhjálmsson endaði í 9. sæti.



**Bestu afrek Íslands á HM í frjálsum**

**6. sæti**
Sigurður Einarsson, *spjótkast 1991*

**6. sæti**
Þórey Edda Elísdóttir, *stangarstökk 2001*

**9. sæti**
Einar Vilhjálmsson, *spjótkast 1991*

**9. sæti**
Guðrún Arnardóttir, *400 m grindahlaup 1997*

**11. sæti**
Þórey Edda Elísdóttir, *stangarstökk 2003*

**11. sæti**
Ásdís Hjálmsdóttir, *spjótkast 2017*

tv

ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR

Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér.

**Kynntu þér málið á 365askrift.is**

365
365ASKRIFT.IS

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Víkingur R. - ÍBV 1-1**
0-1 Mikkel Maigaard Jakobsen (7.), 1-1 Geoffrey Castillion (83.).

**ÍA - KR 1-1**
1-0 Ólafur Valur Valdimarsson (45.), 1-1 Óskar Örn Hauksson (87.).

**FH - Valur 2-1**
1-0 Steven Lennon (52.), 1-1 Patrick Pedersen (54.), 2-1 Kristján Flóki Finnbogason (54.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Valur | 30 | Breiðablik | 18 |
| FH | 24 | KA | 16 |
| Stjarnan | 22 | Fjölnir | 15 |
| KR | 21 | Víkingur Ó | 13 |
| Grindavík | 21 | ÍBV | 13 |
| Víkingur R. | 19 | ÍA | 10 |

**KOM AÐ 17 MÖRKUM Í SIGRI**



Selfyssingurinn Teitur Örn Einarsson fór mikinn þegar íslenska U-19 ára landsliðið í handbolta vann Japan, 26-24, á HM í Georgíu í gær. Teitur skoraði 10 mörk og gaf auk þess sjö stoðsendingar. Andri Scheving átti einnig góða innkomu í íslenska markið og varði 12 skot á síðustu 20 mínútum leiksins. Íslensku strákarnir mæta Síle í dag. Þeir eru einnig með Alsír, Þýskalandi og Georgíu í riðli.

**FYRSTI LEIKURINN Í 43 DAGA**



FH tekur á móti Haukum í Hafnarfjarðarslag í Pepsi-deild kvenna í kvöld. FH-ingar ættu að mæta úthvíldir til leiks en síðasti leikur liðsins var gegn Breiðabliki 27. júní, eða fyrir 43 dögum. FH hefur tapað síðustu þremur leikjum sínum með markatölunni 0-10 og ekki skorað síðan 29. maí. Megan Dunnigan var síðasti leikmaður FH sem kom boltanum í net andstæðingsins í Pepsi-deildinni. Þrátt fyrir slæmt gengi í síðustu leikjum er FH átta stigum frá fallsæti. Haukar verma hins vegar botnsætið með aðeins eitt stig.

**SJÖTTI TITILL ZIDANES**



Real Madrid vann 2-1 sigur á Manchester United í leiknum um Ofurbikar Evrópu í gær. Leikurinn fór fram í Skopje í Makedóníu. Casemiro og Isco komu Real Madrid í 2-0 áður en Romelu Lukaku minnkaði muninn fyrir United. Þetta er í þriðja sinn á síðustu fjórum árum sem Real Madrid vinnur þennan titil. Þetta er jafnframt sjötti titillinn sem Zinedine Zidane vinnur síðan hann tók við Real Madrid í ársbyrjun 2016.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **17.50** | **Fjölnir - KA** | Sport |
| **19.50** | **Stjarnan - Breiðablik** | Sport |
| **22.00** | **Pepsi-mörkin** | Sport |
| **23.25** | **Síðustu 20** | Sport |

**Pepsi-deild karla**
**18.00** **Fjölnir - KA**
**19.15** **Víkingur Ó. - Grindavík**
**20.00** **Stjarnan - Breiðablik**

**Pepsi-deild kvenna**
**19.15** **FH - Haukar**

Fólk
Heimili
MIÐVIKUDAGUR 9. ÁGÚST 2017



Til að skapa fallegt og hlýlegt heimili þarf að muna að halda í persónulega stílinn og hafa þá hluti uppi við sem manni þykir vænt um. MYNDIR/EYÞÓR



**Hulda Björg Baldvinsdóttir er ekki á því að hún sé svarinn óvinur plastpokans. Hún játar þó stórfelldan saumaskap á taupokum af öllum stærðum og gerðum til hinna fjölbreyttustu nota.**

heimili ➔4

# Afslappað og hlýlegt

Heimili Elínar Brítu Sigvaldadóttur og fjölskyldu hennar einkennist af blöndu eldri húsgagna og klassískra hönnunarvara. Hún vill hafa alla hluti á sínum stað. ➔2



Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Vöruhönnuðurinn Elín Bríta Sigvaldadóttir heldur mikið upp á tekk húsgögn og ber heimili þeirra hjóna, sem er í vesturbæ Reykjavíkur, skýr merki þess. „Mér finnst gaman að blanda saman eldri húsgögnum við klassíska hönnunarvöru og auðvitað dass af IKEA. Stíll heimilisins er frekar afslappaður og hlýlegur. Ég vil hafa frekar bjart í kringum mig og þykir óþægilegt þegar það er of mikið dót út um allt, allir hlutir eiga að eiga sinn stað á heimilinu að mínu mati.“

Persónulegur stíll skiptir miklu máli þegar hönnun heimilisins er höfð í huga. „Til að skapa fallegt og hlýlegt heimili þarf að muna að halda í persónulega stílinn og hafa þá hluti uppi við sem manni þykir vænt um og veita manni ánægju, sama hvernig þeir líta út.“

> Elín Bríta útskrifaðist með BA-gráðu í vöruhönnun frá Listaháskóla Íslands árið 2013. Eftir námið hefur hún að mestu starfað sjálfstætt og m.a. unnið verkefni með Studiobility og verkefni tengd innanhússhönnun.

Sjálf heldur hún mest upp á flest verkin sem eru á veggjum heimilisins. „Við reynum að kaupa mikið af vinum og kunningjum sem eru myndlistarmenn. Einnig er ég mjög hrifin af stofuborðinu okkar sem ég keypti á flóamarkaði í Brooklyn og við fluttum með okkur heim. Nýverið keyptum við okkur líka nýtt sjónvarp, Samsung Serif, sem ég elska og er klárlega fallegasta sjónvarp sem ég hef séð!“



**„Til að skapa fallegt og hlýlegt heimili þarf að muna að halda í persónulega stílinn og hafa þá hluti uppi við sem manni þykir vænt um og veita manni ánægju,“ segir Elín Bríta Sigvaldadóttir vöruhönnuður.** MYNDIR/EYÞÓR

## Frekari breytingar

Hjónin eiga tvo drengi, þriggja ára og eins mánaðar, en einungis tvö svefnherbergi eru í íbúðinni. „Á næstu 2-3 árum er því planið að breyta annaðhvort núverandi eldhúsi í annað svefnherbergi og færa þá eldhúsið í sjónvarpsstofuna eða þá að flytja, þ.e. ef við finnum réttu eignina. Einnig ætlum við að breyta svefnherberginu okkar á næstu vikum, klára að mála, setja upp hillur og snaga og fá okkur stærra rúm.“

Elín Bríta útskrifaðist með BA-gráðu í vöruhönnun frá Listaháskóla Íslands árið 2013. Eftir námið hefur hún að mestu starfað sjálfstætt og m.a. unnið verkefni með Studiobility og verkefni tengd innanhússhönnun. „Síðastliðið ár höfum við fjölskyldan verið búsett í New York þar sem ég starfaði sem nemi hjá skartgripamerkinu Metalepsis Projects. Við fluttum svo aftur heim til Íslands í mars og í kjölfarið opnaði ég vefverslunina LAUUF (www.lauuf.com) sem selur valdar hönnunarvörur frá Bandaríkjunum.“.



**Gluggarnir á Kvisthaganum eru fallegir og hleypa mikilli birtu inn. Rifblöðkuna keypti Elín stuttu áður en þau fluttu inn.**



**Föndur- og teikniaðstaða bræðranna er í stofuhorninu. Verkið á veggnum er eftir Þránd Þórarinsson.**



**Svefnherbergi hjónanna er mjög einfalt og án alls óþarfa. Fallega brjóstaplöntupottinn selur húna á www.lauuf.**



**Herbergi Nóels, eldri sonar hjónanna. Fallegt IKEA-rúmið fann Elín á bland.is.**



**Á skenknum í forstofunni er samansafn hluta sem hjónin halda upp á.**




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn: Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433







Olaf skenkur kr. 228.700
**NÚ KR. 160.000**

Tropical púði kr. 4.700
**NÚ KR. 2.520**







Jersey TV skenkur kr. 119.400
**NÚ KR. 71.640**




Hype stóll kr. 39.900
**NÚ KR. 23.940**

**10% AFSLÁTTUR**
**AF NÝJUM VÖRUM**
**OG SÉRPÖNTUNUM**




Kertaluktir / Vasar
kr. 9.300 /10.700
**NÚ KR. 5.580 / 6.420**




Wire sófaborð 90 cm kr.69.800
**NÚ KR. 34.900**




Adele stóll kr. 67.900
**NÚ KR. 39.900**




Jersey borð kr. 161.400
Stærð 190x95 + 2 x 45 cm
**NÚ KR. 96.840**

# LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS f / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

# Staðgenglar fyrir plastpoka

Hulda Björg Baldvinsdóttir er ekki á því að hún sé svarinn óvinur plastpokans. Hún játar þó stórfelldan saumaskap á taupokum af öllum stærðum og gerðum til hinna fjölbreyttustu nota.

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is





Hulda Björg Baldvinsdóttir handverkskona vill nýta plastpoka og önnur efni í staðinn fyrir nýtt plast.

Undanfarið hefur orðið mikil vakning í því að endurnýta plast eða finna lausnir í staðinn fyrir plast enda vita allir að plast brotnar mjög hægt niður í náttúrunni. Hulda Björg Baldvinsdóttir handverkskona leggur sitt lóð á vogarskálarnar. „Þetta eru pokar sem ég sauma úr gardínum, mest svona stórrisum sem ég fæ frá vinum og kunningjum eða kaupi á nytjamörkuðum. Ég set í þetta snúru og reimastoppara til að það sé auðveldara að loka. Ég hugsa þetta aðallega í staðinn fyrir glæru pokana undir grænmeti og ávexti. Þegar ég var búin að sauma einhver hundruð og selja sá ég að þetta hefur allskonar notagildi annað, má til dæmis nota fyrir fínni þvott í þvottavél, undir handavinnu og sitthvað fleira. Ég er búin að prófa að setja pokana í suðu og þeir virðast alveg þola það. Ég hef líka verið að sauma stærri innkaupapoka úr gardínum og fötum og þess háttar.“

Hulda segist ekki endilega vera óvinur plastpokans. „En mér finnst að við ættum að draga úr því að nota nýja plastpoka eins og við getum. Ég hef ekki keypt plastpoka í mörg ár en það dragast samt að mér pokar. Ég þvæ plastpoka undan brauði og fleiru slíku og nota þá aftur og aftur. Svo hef ég verið að gera tilraunir, maðurinn minn tekur oft með sér nesti í vinnuna og ég prófaði að sauma tvo taupoka, tók þrjá plastpoka af sömu stærð og setti inn í annan taupokann og hinn ofan í alltsaman og straujaði og þá bráðnuðu plastpokarnir saman og pokinn varð vatnsheldur. Þessi nestispoki virkaði mjög vel og heldur brauði fersku.“

Hulda hefur boðið ýmsum verslunum á höfuðborgarsvæðinu að selja grænmetis – og ávaxtapokana en hingað til er það aðeins Frú Lauga sem hefur þegið boðið. „Það er líka í þeirra anda að stuðla að minni plastnotkun,“ segir hún en bendir á pokastöðvarnar sem nú stinga upp höfðinu víðsvegar um land þótt þeirra hafi ekki orðið vart í Reykjavík. „Fólk hefur verið að koma saman í héraðinu með saumavélar, fengið gefins efni og saumað poka og dreift þeim í búðir. Og hugmyndin er að fólk skili svo pokunum.“ Hulda hefur tengsl við handverkshús á Flateyri og selur þar ýmsar vörur en hún hefur líka látið poka af hendi rakna til samfélagsins þar. „Ég var búin að sauma milli 50 og 100 poka í sumar og fór með þá á bókasafnið á Flateyri og ég held að þetta hafi nýst vel þar.“ Nánari upplýsingar um pokana hennar Huldu má finna á Facebook-síðunni Hulda Björg Handverk.

> **Mér finnst að við ættum að draga úr því að nota nýja plastpoka eins og við getum. Ég hef ekki keypt plastpoka í mörg ár.**
>
> Hulda Björg Baldvinsdóttir




**Pokana má nýta á ýmsan hátt, undir grænmeti og ávexti, fyrir fínni þvott og undir handavinnu, jafnvel sem gjafapakkningar enda eru þeir afar fallegir.**






AÐEINS
**333 KR.**
Á DAG.

Bættu ENDALAUSU INTERNETI við SKEMMTIPAKKANN fyrir aðeins
**1.000 KR.**

**365 APPIÐ FYLGIR MEÐ Á**
0 KR.

# **SKEMMTILEGRA** SJÓNVARP OG **ENDALAUST** NET

Þú færð Endalaust Internet á aðeins 1.000 kr. með Skemmtipakkanum. Vafraðu áhyggjulaus á netinu. Enginn aukakostnaður við gagnamagnspakka eða umfram niðurhal bætist við.

Skemmtipakkinn inniheldur fimm fjölbreyttar stöðvar með margverðlaunuðum þáttum og kvikmyndum auk íslensks sjónvarpsefnis fyrir alla fjölskylduna.

MARGFALT SKEMMTILEGRI



365.is | 365




HÚSASMIÐJAN DORMA FIAT 2

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

### Bílar til sölu



**NÚ ER LAG.**
Ný standsettur veitingabíl með gas-grillpönnu, gas-grillofn, kæliborð, loftræsting, allur einangraður og klæddur með stáli, nýtt gas og nýtt rafmagn,Skoðaður 19. Ásett verð er 3,990.þ uppl. 820-5181



Hyundai Santa Fe árg. 2004. Bensín. 5 gíra. Verð. 350þ. S. 6162597

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Húsbílar



Húsbíll til sölu. Hobby toskana 650 ár.2008 ek.57000 km. Vel útbúin bíll.Einn eigandi. Ásett verð 9,5 milljónir. Uppl. í síma 8979675 eða gwsrefansson@gmail.com.

### Bátar




**HEIMAVÍK**
Flotnet, sökknet, reynsla þekking gæði Heimavík. S. 892 8655 www.heimavik.is

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

**GARÐAUMSJÓN**
Garðvinna, sláttur klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890




### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

### Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna . Er á facebook

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í tölfuskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu



mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Skólar & Námskeið

### Námskeið

Hverju vill biblían koma á framfæri við þig? Næsta námskeið hefst þri 22/8. Nánar í S. 867 1640

## Húsnæði

### Húsnæði óskast

**110 REYKJAVÍK**

**ÁRBÆR / ÁRTÚNSHOLT**
Einstæður faðir með tvö börn í skóla í 110 óskar eftir 2-3ja herbergja íbúð í Hraunbæ eða Ártúnsholti á sanngjörnu verði. Reglusemi og skilvísar greiðslur.
**Nánari uppl. í síma 824 1485**

### Atvinnuhúsnæði

Vantar ca 100 fm húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Jarðhæð. Upplýsingar:699-6762 eða hreinverk.is - Tómas

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

GINGER

**DAGVAKTIR**
Ginger óskar eftir starfsfólki á dagvaktir alla virka daga. Ef þú ert orðinn 18 ára og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is Ginger restaurant is looking for employees on day shifts all weekdays. If you are 18 or older and interested in working at a good restaurant please send your c.v. to brynja@ginger.is

**DEVITOS PIZZA**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Dagvinna, Kvöldvinna
**Uppl. í s. 777 6506**






## Fasteignir




**OPIÐ HÚS Í DAG**
**miðvikudaginn 9.ágúst kl.18:00-18:30**

BORG FASTEIGNASALA

Þóra Birgisdóttir
löggiltur fasteignasali
sími: 777 2882
thora@fastborg.is

Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
sími: 780 2700
helgi@miklaborg.is

Stórglæsilegt og mikið endurnýjað 7 herbergja 321 fm einbýlishús. Húsið var mikið tekið í geng 2007-8 þ.m.t. Eldhús, böð, hurðir, gólfefni, hiti í gólfum. Húsið er byggt 1984 og stendur á fallegri hraunlóð í norðurbæ Hafnarfjarðar með góðri aðkomu og óbyggðu svæði í kring.

Verð: **99,0 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Íslenska fasteignasalan

## ÁSGARÐUR 117, 108 REYKJAVÍK

**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAG 9. ÁGÚST KL. 17:30-18:00**





- Bústaðarhverfi - Fallegt raðhús á þessum vinsæla stað.
- Eignin er skráð 109,3 fm.
- Björt stofa, útgengt í garð með verönd.
- 3-4 svefnherbergi.
- Eldhús með fallegri eldri innréttingu.
- Sólpallur og heitur pottur í garði.
- **Verð 53.900.000.-**

OPIÐ HÚS

**ÍRIS HALL LÖGG. FAST. VERÐUR Á STAÐNUM.**
**s. +354 695 4500 | irishall@islenskafasteignasalan.is**

Hlíðarsmári 12 | 201 Kópavogur
s. +354 510 3000 | sala@islenskafasteignasalan.is




## Fundir / Mannfagnaður

# Aðalfundur
**Náttúruverndarsamtaka Íslands 2017**

Náttúruverndarsamtök Íslands

verður haldinn miðvikudaginn 23. ágúst í ReykjavíkurAkademíunni, Þórunnartúni 2, 4. hæð og hefst fundurinn kl. 20.

**Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf**
Sjá www.natturuvernd.is




## Atvinna

### Skólaliðar óskast nú þegar í Fjölbrautaskólann í Garðabæ.

Skólaliðar gegna fjölbreyttu starfi og eru í samstarfi við aðra starfsmenn og nemendur. Starfið felst m.a. í að halda skólanum hreinum. Vinnutími eftir samkomulagi.

Upplýsingar fást í síma 520 1600 og í netföngunum kristinn@fg.is og elisabets@fg.is.

**Umsóknarfrestur er til 20. ágúst.**

### Útkeyrslustarf.

**Danco Heildverslun leitar að duglegum og ábyrgðarfullum einstaklingum við útkeyrslu á vörum.**

**Hæfniskröfur:**
- Reynslu af útkeyrslu- og lagerstörfum.
- Skipulagshæfni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 25 ára og geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir sendist til siggi@danco.is**

DANCO

### RÚMFATALAGERINN GRANDA ÓSKAR EFTIR STARFSFÓLKI

**Leitum að jákvæðu og þjónustulunduðu fólki til að starfa með okkur. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.**

**- SÖLUMAÐUR Í HÚSGAGNADEILD**
**- STARFSMAÐUR Í VEFNAÐARVÖRUDEILD**
**- HELGARSTARFSMENN**




**Spennandi starf þar sem miklir möguleikar eru á að vaxa í starfi.**

**Áhugasamir hafið samband í gegnum netfangið grandi.verslun@rfl.is**

**Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2017**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
**www.rumfatalagerinn.is**

## Styrkir

### Styrkir VIRK

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Virk Starfsendurhæfingarsjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki sem veittir eru til virkniúrræða, rannsóknarverkefna og uppbyggingar- og þróunarverkefna.

Framkvæmdastjórn VIRK úthlutar styrkjunum tvisvar á ári og þurfa umsóknir um styrkina að hafa borist sjóðnum fyrir 15. janúar eða 15. ágúst ár hvert.

Ákvarðanir um styrkveitingar eru teknar í framhaldinu af framkvæmdastjórn VIRK, í mars og október, að fenginni umsögn frá sérfræðingum VIRK.

Sérstaklega verður horft til virkniúrræða miðuðum að ungu fólki og til rannsóknar- og þróunarverkefna tengdu ungu fólki í styrkveitingum VIRK árið 2017.

Nánari upplýsingar, stefnur og reglur varðandi umsóknir á styrkjum til VIRK og umsóknareyðublöð má finna á www.virk.is

**Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2017.**

Mark- og fjölpóstur er áþreifanlegur
– hann er til þín frá mér.

# ÉG ELSKA ÞIG

# ÉG ELSKA ALLA

**Ég elska þig!**
Það eru 20% meiri líkur á að þú náir til markhópsins þín með persónulegum markpósti.

**Ég elska alla.**
80% fólks opnar bréfpóst sem berst til þeirra inn um lúguna.

**Betri er einn bréfpóstur í hendi en tveir í tölvupóstsíu.**
Rannsóknir sýna að áþreifanlegur markpóstur nær betur til viðskiptavina en sá sem þú getur ekki snert.

Viðskipastjórar okkar veita þér allar upplýsingar um mark- og fjölpóst.
Hafðu samband við okkur í síma 595 0300 eða á isafold.is.

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA – SUÐURHRAUNI, 210 GARÐABÆ, s. 595 0300
www.isafold.is

ÍSAFOLD

## Merkisatburðir

**1851** Er þjóðfundinum í Reykjavík var slitið hrópuðu þingmenn undir forystu Jóns Sigurðssonar: „Vér mótmælum allir.“ Minningartafla um þennan atburð er í hátíðarsal Menntaskólans í Reykjavík þar sem fundurinn var haldinn.

**1873** Kveðja, fyrsta kvæði eftir Stephan G. Stephansson, birtist í blaðinu Norðanfara fáum dögum eftir að Stephan fór alfarinn af Íslandi.

**1945** Bandaríkjamenn varpa kjarnorkusprengju á japönsku borgina Nagasaki.

**1974** Richard Nixon Bandaríkjaforseti segir af sér.

**1977** Urho Kekkonen, forseti Finnlands, kemur í opinbera heimsókn til Íslands. Hann hafði komið einu sinni áður.

**1979** Menntamálaráðuneytið friðar húsin á Bernhöftstorfu í Reykjavík.

**2005** Benjamin Netanyahu, þá fjármálaráðherra Ísraels, segir af sér til að mótmæla áformum Ariels Sharon um að leggja niður landtökubyggðir gyðinga á Gasaströndinni.

**2005** Lee Hughes, enskur knattspyrnumaður, er dæmdur í sex ára fangelsi vegna manndráps.



Listateymið Berglind og Rúnar taka nú gula litinn fyrir, enda stórmerkilegur litur.

# Guli liturinn að leiðarljósi

**Listateymið Berglind og Rúnar býður til veislu í Mengi í kvöld þar sem þau ætla sér í samstarfi við áhorfendur að skoða gula litinn með öllum skilningarvitum, en þeim finnst, eins og stendur, gulur vera merkilegasti liturinn og sá sem hefur verið fjallað mest um.**

Við erum að bjóða til smá veislu í Mengi í kvöld þar sem við ætlum að kryfja og skoða saman, í samtali við gesti, gula litinn. Við ætlum að skoða öll hans blæbrigði og tilbrigði og ýmsar merkingar og tengingar sem snúast í kringum hann,“ segir Rúnar Örn Marinósson sem ásamt Berglindi Ernu Tryggvadóttur myndar listateymið Berglind og Rúnar (áður 1224). Bæði útskrifuðust þau úr Listaháskóla Íslands vorið 2016 og hafa sýnt bæði saman og sitt í hvoru lagi síðan þá. Þau hafa verið dugleg við að taka fyrir fyrirbæri og kryfja þau og skoða. Þau ætla í kvöld, eins og Rúnar segir, að bjóða til veislu í Mengi og þar verður gerð allsherjar skoðun á gula litnum. Þau segjast ætla að spila á flest skilningarvitin og fjalla um heima og geima en þó verður gulur alltaf hafður að leiðarljósi.

> Það er skemmtilegast hvað það eru miklar andstæður sem hafa verið tjáðar í honum – hann er bæði litur sköpunar og samhljóms en einnig litur öfundar og brjálæðis.

„Við verðum bæði með veitingar – þetta verður matarboð – og svo verður líka fyrirlestrar-gjörningur meðfram matarboðinu, þetta verður eiginlega ein allsherjar innsetning. Og þetta verður líka hálfgert samtal milli okkar og áhorfandans, en í rauninni samt ekkert frekar en þeir vilja,“ segir Rúnar spurður að því hvernig þessi skoðun muni fara fram. Augljósa spurningin er samt kannski af hverju gulur?

„Okkur fannst hann bara áhugaverðasti liturinn til að fjalla um og líka af því að hann er með ríkustu söguna af frumlitunum. Það hefur svo margt verið skrifað og sagt um gulan. Hann hefur líka svo margvíslegar merkingar sem okkur fannst áhugaverðar. Að okkar mati er gulur merkilegasti liturinn, svona eins og stendur. Það er skemmtilegast hvað það eru miklar andstæður sem hafa verið tjáðar í honum – hann er bæði litur sköpunar og samhljóms en einnig litur öfundar og brjálæðis,“ segir Rúnar en veislan eða kvöldstundin hefst klukkan hálf átta í Mengi við Óðinsgötu og kostar tvö þúsund krónur inn.

stefanthor@frettabladid.is

---



†

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bjarni Guðjónsson**
Garðsenda 15, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum 3. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 22. ágúst klukkan 13.00.

**Lóa May Bjarnadóttir og fjölskylda.**

---



†

Ástkær eiginkona mín, dóttir okkar, systir og mágkona,

**Agnes Ósk Ragnarsdóttir Akari**
Skógarbraut 1114, Reykjanesbæ,

lést þann 7. júlí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Mohamed Haythem Akari**
**Ragnar Geir Júníusson** **Andrea Karlsdóttir**
**Regína Ragnarsdóttir** **Arna Vala Eggertsdóttir**

---



†

Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**Skapti Ólafsson**
Maríubakka 2, Reykjavík,

er látinn. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimer samtökin.

**Kolbrún Gunnarsdóttir**
**Stella Skaptadóttir** **Ólafur Elísson**
**Sævar Skaptason** **Bryndís Óladóttir**
**Steinn Skaptason**
**Ólöf J. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðlaug Karlsdóttir**
kaupmaður,
Merkurgötu 3, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu laugardaginn 29. júlí. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 10. ágúst kl. 13.00.

**Þórður Sæmundsson** **Drífa Sigurbjarnardóttir**
**Guðrún Sæmundsdóttir**
**Sjöfn Sæmundsdóttir**

---



†

Elskuleg móðir okkar og systir,

**Þorbjörg Vigfúsdóttir Day**
Stella Day

sem lést á heimili sínu í Leonardtown í Maryland USA þann 14.07. sl. verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 11. ágúst kl. 13.00.

**Jim Day** **Judie Day**
**Larry Day** **Staci Day**
**Judy Pack** **Mark Pack**
**systkini hinnar látnu.**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ólína Guðrún Þorsteinsdóttir**

lést föstudaginn 4. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 10. ágúst kl. 13. Fjölskyldan vill þakka starfsfólki í Roðasölum fyrir einstaka alúð og umönnun. Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir umhyggju og hlýhug.

**Svala Þ. Birgisdóttir** **Hörður Sigurðsson**
**Ólafur V. Birgisson**
**Steinar Birgisson**
**Sigrún Birgisdóttir** **Níels Harðarson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Emilía Jónsdóttir**
frá Grund á Akranesi,

lést á dvalarheimilinu Höfða á Akranesi 3. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 14. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Höfða.

**Ragnheiður Jóhanna Pétursdóttir** **Gunnar Einarsson**
**Vilborg Pétursdóttir** **Hafþór Harðarson**
**Margrét Pétursdóttir** **Hörður R. Harðarson**
**Petrea Emilía Pétursdóttir** **Halldór Stefánsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Valdís Brandsdóttir**
Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni mánudaginn 31. júlí. Jarðsungið verður frá Háteigskirkju, föstudaginn 11. ágúst kl. 13.00.

**Brandur St. Guðmundsson** **Edda G. Ríkharðsdóttir**
**Margrét Guðmundsdóttir** **Þórhallur Halldórsson**
**Ríkharður Þór Brandsson** **Guðrún Sigurbjörnsd. Cooper**
**Lilja Brandsdóttir**
**Valdís Guðrún Þórhallsdóttir**
**Halldór Bjarni Þórhallsson**
**Mikael Aron Ríkharðsson**

# LEIKJATÖLVUR Á LÆGRA VERÐI!

tl.is



acer

## FULLKOMIN LEIKJAVÉL OG SKÓLATÖLVA

### GTX1050 OG INTEL i5

ACE-NXGP8ED010

FRÁBÆR KAUP FYRIR ÞÁ SEM VILJA ÖFLUGA VINNSLU Í SKÓLANN OG GETA SPILAÐ TÖLVULEIKI. INTEL I5 ÖRGJÖRVI, GTX1050 GRAFÍKKJARNI OG OFURHRAÐUR SSD DISKUR.

15,6'' FULL HD

- INTEL i5
- NVIDIA GTX1050
- 8GB MINNI
- 128GB SSD

**129.995**



acer PREDATOR

## PREDATOR HELIOS 300

### 6GB GTX1060

ACE-NHQ2BED001

MIKIÐ FYRIR PENINGINN Í ÞESSARI ÖFLUGU LEIKJAFARTÖLVU. INTEL I5 HQ ÖRGJÖRVI, 6GB GTX1060 GRAFÍKKJARNI OG 256GB SSD M.2.

15,6'' IPS

- INTEL I5-7300HQ QUAD-CORE
- NVIDIA GTX1060
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

**189.995**



**159.995**

acer

## LEIKJATÖLVA MEÐ GTX1050Ti

### BAKLÝSTIR TAKKAR

ACE-NHGM4ED035

LEIKJAFARTÖLVA Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI MEÐ GTX1050Ti LEIKJASKJÁKORTI, 256GB SSD OG INTEL I5 ÖRGJÖRVA.

15,6'' FULL HD

- FJÖGURRA KJARNA i5
- NVIDIA GTX1050Ti 4GB
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

acer PREDATOR

## PREDATOR G9 MEÐ GTX1070

### OFURTÖLVA MEÐ i7

ACE-NHQ1ZED004

OFURTÖLVA Í LEIKINA. 8GB GTX 1070 OG 16GB VINNSLUMINNI. 256GB SSD M.2. OG 1TB HDD.

15,6'' IPS

- INTEL I7-7700HQ QUAD CORE
- NVIDIA GTX1070
- 16GB MINNI
- 256GB SSD / 1TB HDD



**339.995**

ASUS

## ROG LEIKJAVÉL MEÐ 6GB GTX1060

### VR READY OG G-SYNC

ASU-GL502VMFY211T

HÖRKU LEIKJATÖLVA MEÐ INTEL I7 HQ OG 6GB GTX1060M VR READY SKJÁKORTI. 15,6'' FHD LEIKJASKJÁR MEÐ G-SYNC OG 100% sRGB.

15,6'' FHD IPS

- TURBO INTEL CORE I7
- NVIDIA GTX1060 6GB
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

**219.995**







F-Secure

## VÍRUSVÖRN FYLGIR!

ÁRSÁSKRIFT AF F-SECURE SAFE ÖRYGGISPAKKA MEÐ VÍRUSVÖRN AÐ VERÐMÆTI 5.995 FYLGIR MEÐ ÖLLUM SKÓLATÖLVUM Í ÁGÚST!

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Norðvestlæg átt, 3-10 í dag. Víða dálítil rigning, en að mestu þurrt sunnan til. Úrkomuminna seinnipartinn. Hiti frá 8 stigum á Norðurlandi, upp í 17 stig suðaustanlands.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 6 | | 1 | | 7 | | |
| | | 1 | | | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | | | | | | 2 | 6 |
| 9 | | 7 | 6 | | | | | 8 |
| | 8 | 4 | | 2 | | | 3 | |
| 3 | | | 1 | | | | | |
| 6 | | 5 | | | 1 | | 9 | |
| | 2 | | 9 | | | 4 | | |
| | | | | 4 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 2 | 8 | 1 | | |
| | | 2 | | | 6 | | 3 | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 2 | | 4 |
| | 1 | | | 9 | | | | |
| 9 | | | | 6 | | 7 | | 8 |
| 5 | 6 | 8 | | 1 | | | | 2 |
| 3 | | | | | 7 | | | 1 |
| 2 | | | | 8 | 9 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 9 |
| | | 8 | | | 2 | 5 | | 3 |
| 2 | 4 | | | 8 | | | | |
| | 9 | | 4 | | 3 | 7 | | |
| 7 | | | | | 1 | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | | | |
| | 6 | | | 7 | | 3 | | |
| | | | 2 | 1 | | | | 4 |
| 9 | | | | | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 8 | 5 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 4 | 5 | 3 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 9 | 8 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 6 | 2 | 3 |
| 1 | 6 | 4 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 5 | 2 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 |
| 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 3 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 8 |
| 3 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 7 |
| 2 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 6 | 5 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 | 7 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. lýð
6. frá
8. stúlka
9. fley
11. voði
12. langintes
14. korr
16. tveir eins
17. atvikast
18. eyrir
20. tveir
21. fimur

**LÓÐRÉTT**
1. stagl
3. hljóm
4. fugl
5. bar
7. svikull
10. hafið
13. bjargbrún
15. keppni
16. kóf
19. þverslá



**LÁRÉTT:** 2. fólk, 6. af, 8. mær, 9. far, 11. vá, 12. sláni, 14. snörl, 16. kk, 17. ske, 18. aur, 20. ii, 21. frár.
**LÓÐRÉTT:** 1. tafs, 3. óm, 4. lævirki, 5. krá, 7. falskur, 10. rán, 13. nös, 15. leik, 16. kaf, 19. rá.

## Skák Gunnar Björnsson

Maxime Vachier-Lagrave (2.783) átti leik gegn Magnusi Carlsen (2.822) á Sinquefield-mótinu í St. Louis.

**Svartur á leik**

**48. … Be2!** Hérna uppgötvaði heimsmeistarinn að 49. He3 er svarað með 49. … f4 50. Hxe2 Rc1+. Carlsen reyndi **49. Bxd8 Bxf3 50. Bxb6 axb6** en Frakkinn innbyrti sigurinn og var efstur eftir fimm umferðir.

**www.skak.is:** Hannes og Bragi tefla erlendis.








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 9 - 10:20 | 16 |
| ANNABELLE: CREATION VIP | KL. 8 - 10:20 | VIP |
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| DUNKIRK VIP | KL. 3:20 - 5:40 | VIP |
| FUN MOM DINNER | KL. 7 - 8 | 12 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 3 - 4 - 6 | L |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 4 - 6 | L |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5 | L |
| THE HOUSE | KL. 10:40 | 16 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 10 | 12 |
| PIRATES 2D | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20 | 12 |
| THE BLEEDER | KL. 10:20 | 12 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 6 | 12 |
| BAYWATCH | KL. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| ATOMIC BLONDE | KL. 8 - 10:30 | 16 |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI – NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 5:40 - 8 - 10:40 | 16 |
| DUNKIRK | KL. 6 - 8:20 - 10:20 | 12 |
| FUN MOM DINNER | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ANNABELLE: CREATION | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DUNKIRK | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| FUN MOM DINNER | KL. 6 | 12 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is





# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikuagur

hvar@frettabladid.is

## 9. ÁGÚST 2017

### Tónlist

**Hvað?** Berg
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Edinborgarhúsið, Ísafirði
BERG er dansk-íslenskur djasskvartett sem leikur með form á mörkum þess skrifaða og óskrifaða. Tónlistin er undir miklum norrænum áhrifum, frá djassi og þjóðlögum/sálmum auk ýmissa áhrifa frá klassík og rokktónlist. Miðaverð 2.500/1.500 krónur

**Hvað?** SCHOLA CANTORUM
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Kammerkórinn Schola cantorum heldur vikulega miðvikudagstónleika á Alþjóðlegu orgelsumri í Hallgrímskirkju og flytur fagrar, íslenskar kórperlur. Íslenskum og erlendum gestum er síðan boðið upp á kaffi, mola og spjall eftir tónleikana í safnaðarheimili Hallgrímskirkju. Miðaverð 2.500 kr.

**Hvað?** Open Mic KÍTÓN #5
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Rosenberg, Klapparstíg
Allar KÍTÓN/Konur geta skráð sig til flutnings með því að senda skráningu á kiton@kiton.is viku fyrir viðburð. Einnig má að sjálfsögðu bara mæta beint og skrá sig á staðnum! Gestgjafi kvöldsins er Hildur Kristín Stefánsdóttir og má því senda beint á hana, hildurkristin@gmail.com, eða skrá sig í gegnum kiton@kiton.is Allir velkomnir til áheyrnar og áhorfs en FRÍTT INN fyrir alla, konur og karla!

**Hvað?** Jazzhátíð Reykjavíkur
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Harpa
Jazzhátíð Reykjavíkur hefst í dag með skrúðgöngu sem byrjar fyrir framan Lucky Records á Rauðarárstíg og síðan er geggjuð hátíð í Hörpu fram á kvöld.

**Hvað?** Tónleikar í Hjartagarðinum á Hinsegin dögum
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Hjartagarðurinn, bak við Geira Smart, Hverfisgötu 30
GAYRI SMART skartar blómakransi með dass af glimmer á Hinsegin dögum og ætlar alla leið í gleðinni! Gayri fagnar fjölbreytileikanum sem aldrei fyrr og býður upp á lifandi tónlist, ljúffengan mat og kokteila í öllum regnbogans litum. Í dag er það Hljómsveitin Eva/A Band Called Eva sem spilar í garðinum.


Hildur kynnir Open Mic kvöld KÍTÓN á Rosenberg í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

**Hvað?** Skuggamyndir frá Býsans – Nordic House Concert Series
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans var stofnuð árið 2010 og leikur blöndu af tónlist frá Balkanskaganum. Sú tónlist er annáluð fyrir flókna takta, dulúð og tilfinningahita.

**Hvað?** CeaseTone – Stranded útgáfupartí
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti
Að baki CeaseTone stendur tónlistarmaðurinn Hafsteinn Þráinsson en hefur síðan fært út kvíarnar og breyst þar sem hann fær til liðs við sig fleiri tónlistarmenn úr ýmsum áttum.

### Viðburðir

**Hvað?** The Yellow Experience / Berglind & Rúnar
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Listateymið Berglind og Rúnar (einnig og áður þekkt sem 1224) kynnir með stolti: A Study of International Objects no. 34: The Yellow Experience / Kvöldstund með gulum.

**Hvað?** SI danskvöld með ókeypis prufutíma
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Oddsson, JL húsinu, Hringbraut 121
Byrjendum er að venju boðið í ókeypis prufutíma í salsa kl. 19.30-20.30, og svo dunar dansinn fyrir alla glaða frá 20.30-23.30.

**Hvað?** Kertafleyting á Reykjavíkurtjörn
**Hvenær?** 22.30
**Hvar?** Reykjavíkurtjörn
Samstarfshópur friðarhreyfinga heldur að venju kertafleytingu til minningar um fórnarlömb kjarnorkuárásanna á Hiroshima og Nagasaki. Safnast verður saman við vesturenda Skothúsvegar þar sem haldin verður stutt athöfn. Flotkerti verða seld á staðnum og kosta 500 krónur. Á Akureyri verður kertum fleytt við Minjasafnstjörnina að þessu sinni og hefst sú samkoma kl. 22. Ísfirðingar munu einnig fleyta kertum að þessu sinni. Sú athöfn verður í fjörunni við Neðstakaupstað og hefst kl. 23.

**Hvað?** Hinsegin konur í tónlist
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Stúdentakjallarinn, Háskólatorgi
Á þessum viðburði munu nokkrar hinsegin konur koma saman og ræða upplifun og stöðu sína í tónlistarbransanum út frá mörgum hliðum. Viðburðurinn er á ensku.


Góða skemmtun í bíó

Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann
elja
Starfsmannaþjónusta
Láttu okkur ráða
Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

Hótel – Veisluþjónustur
Gistiheimili – Mötuneyti
Fjölbreytt úrval af matvöru og veisluréttum

Ljúffengt…
… hagkvæmt og fljótlegt
Danco hefur allt til að auðvelda veitingarnar hvort sem er í veisluna, mötuneytið, kokteilboðið, skólaeldhúsið, alls staðar.
Forréttir, pizzur, smáréttir, forskornar tertur og fleira.
Eingöngu selt til fyrirtækja
Heildsöludreifing
DANCO
HEILDVERSLUN
www.danco.is



BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Mýrin .................... 18:00
Sing Street .................... 20:00, 22:00
The Greasy Strangler .................... 20:00
Hjartasteinn .................... 20:00
Frantz .................... 22:00
Ég Man Þig .................... 22:30





Glæný sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is
365

JAMIE´S 15 MINUTE MEALS
Stórskemmtilegir og hressilegir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa girnilega máltíð á aðeins 15 mínútum.



THE BOLD TYPE
Þær eru flottar og með tískuna algerlega á hreinu enda vinna þær hjá glanstímaritinu Scarlet. Allar vilja þær hafa áhrif á líf annarra kvenna og einnig finna ástina sjálfum sér til handa.




THE NIGHT SHIFT
Fjórða sería þessara spennandi læknaþátta sem gerast á bráðamóttökunni í San Antonio og fjalla um ástir og örlög læknanna.



ORANGE IS THE NEW BLACK
Frábærir verðlaunaþættir um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York.



THE INTERVIEW
Þrælskemmtileg gamanmynd um þá James Franco og Seth Rogen sem taka viðtal við kóreskan einræðisherra og það fer öðruvísi en áætlað var.



LÓA PIND: BATTLAÐ Í BORGINNI
Skemmtileg sería með Lóu Pind sem hefur fylgst með fimm kraftmiklum ungmennum af erlendum uppruna æfa sig fyrir danskeppni.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Heiða
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.10** Um land allt
**11.45** Léttir sprettir
**12.05** Heilsugengið
**12.35** Nágrannar
**13.00** Kjarnakonu
**13.15** Major Crimes
**14.00** The Night Shift
**14.45** Hart of Dixie
**15.25** Schitt's Creek
**15.50** Mike & Molly
**16.10** Hollywood Hillbillies
**16.35** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Ísland í sumar
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals
**19.55** The Middle
**20.20** The Bold Type Nýir og ferskir þættir sem fjalla um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tísku- og lífsstílstímariti. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í hringiðu tískunnar í New York því auk þess að sinna starfi sínu vel og lifa öfundsverðu lífi lenda vinkonurnar í ýmiss konar aðstæðum sem reyna á. Þættirnir eru lauslega byggðir á lífi ritstýrunnar Joönnu Coles hjá Cosmopolitan.
**21.05** The Night Shift Fjórða syrpa þessara spennandi læknaþátta.
**21.50** Nashville 4 Fjórða syrpa þessara frábæru þátta þar sem tónlistin leikur stórt hlutverk. Þættirnir fjalla um kántrí-söngkonurnar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Heyden Panettiere.
**22.35** Orange Is the New Black Fimmta syrpan af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York. Í síðustu þáttaröð var lífið innan fangelsisveggjanna afar eldfimt og mörgum spurningum ósvarað.
**23.30** Insecure
**00.00** NCIS
**00.40** Animal Kingdom
**01.30** Training Day
**02.10** Notorious
**02.55** Notorious
**03.35** NCIS: New Orleans
**04.20** Covert Affairs
**05.05** Major Crimes
**05.45** Mike & Molly
**06.05** The Middle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Real Madrid - Manchester United
**08.40** FH - Valur
**10.25** Aston Villa - Hull City
**12.05** Football League Show
**12.35** Premier League - Preview to the Season
**13.30** Real Madrid - Manchester United
**15.10** Goðsagnir - Tryggvi Guðmundsson
**16.05** FH - Valur
**17.50** Fjölnir - KA
**19.50** Stjarnan - Breiðablik
**22.00** Pepsi-mörkin
**23.25** Síðustu 20
**23.45** Fjölnir - KA
**01.25** Pepsi-mörkin

## STÖÐ 3

**17.15** Raising Hope
**17.40** New Girl
**18.05** Mike and Molly
**18.30** Modern Family
**18.55** Curb Your Enthusiasm
**19.30** Dulda Ísland
**20.25** Lóa Pind: Battlað í borginni
**21.05** Man Seeking Woman
**21.30** Cold Case
**22.15** Supernatural
**23.00** American Horror Story: Roanoke
**23.45** Banshee
**00.45** Modern Family
**01.10** Curb Your Enthusiasm
**01.40** Dulda Ísland
**02.35** Lóa Pind: Battlað í borginni
**03.15** Man Seeking Woman
**03.35** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur
**08.00** Lína langsokkur
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Skógardýrið Húgó
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur
**12.00** Lína langsokkur
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Skógardýrið Húgó
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur
**16.00** Lína langsokkur
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.11** Zigby
**17.25** Stóri og Litli
**17.38** Skógardýrið Húgó
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Hrúturinn Hreinn



Dóra könnuður kl. 10.00, 14.00 og 18.00

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** WGC: Bridgestone Invitational
**14.00** Golfing World
**14.50** WGC: Bridgestone Invitational
**20.50** Golfing World
**21.40** Champions Tour Highlights
**22.35** PGA Highlights
**23.30** Golfing World

## BÍÓSTÖÐIN

**11.55** Drumline: A New Beat
**13.40** Beethoven's Treasure Tail
**15.15** Run Fatboy Run
**16.55** Drumline: A New Beat
**18.40** Beethoven's Treasure Tail
**20.20** Run Fatboy Run Bráðskemmtileg gamanmynd frá 2007 með Simon Pegg, Thandie Newton og Hank Azaria í aðalhlutverkum. Fyrir fimm árum ætlaði Dennis að kvænast unnustu sinni, Libby, þegar hann guggnaði á síðustu stundu, bókstaflega. Nú þegar hann kemst að því að hún er að fara gifta sig ákveður hann að reyna ganga í augun á henni með því að skrá sig í maraþon.
**22.00** The Interview James Franco og Seth Rogen fara hér á kostum í umdeildri gaman- og spennumynd frá 2015. Dave Skylark og framleiðandi hans, Aaron Rapaport, sjá um hina vinsælu slúðurfréttastöð „Skylark Tonight". Þegar þeir komast að því að norður-kóreski einræðisherrann Kim Jong-un er aðdáandi þáttarins, þá fá þeir að taka viðtal við hann, sem þeir sjá fyrir sér að geti aukið virðingu þeirra sem fréttamanna. Á meðan Dave og Aaron undirbúa ferðalagið til Pyongyang, þá breytast áætlanir þeirra þegar bandaríska leyniþjónustan CIA ræður þá – hugsanlega þá tvo menn sem eru vanhæfastir allra – til að ráða Kim Jong-un af dögum.
**23.50** Taken 3
**01.40** Hateship Loveship
**03.20** The Interview

## RÚV

**16.35** Úr gullkistu RÚV: Út og suður
**17.00** KrakkaRÚV
**17.01** Vinabær Danna tígurs
**17.14** Klaufabárðarnir
**17.22** Sanjay og Craig
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** HM í frjálsum íþróttum
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Áráttu- og þráhyggjuröskun
**20.25** Landakort
**20.35** HM íslenska hestsins: Samantekt
**20.55** Lukka
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** HM í frjálsum íþróttum: Samantekt
**22.35** Pútín-viðtölin

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Life Unexpected
**09.50** Crazy Ex-Girlfriend
**10.35** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** The Great Indoors
**14.40** Crazy Ex-Girlfriend
**15.25** Making History
**15.50** Pitch
**16.35** King of Queens
**17.00** Jennifer Falls
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Life in Pieces
**20.15** Remedy
**21.00** Imposters
**21.45** Bull
**22.30** Sex & Drugs & Rock & Roll
**23.00** The Tonight Show
**23.40** The Late Late Show

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


RENAULT
Passion for life
Renault Clio
ÍSLANDSMEISTARINN
Í SPARAKSTRI
KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO
Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU
DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM*
Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistaranum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.
Renault Clio ZEN
Dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,4 l/100 km*
Verð: 2.490.000 kr.
Renault Clio ZEN Sport Tourer
Dísil, beinskiptur
Eyðsla 3,4 l/100 km*
Verð: 2.690.000 kr.
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"
Útbúnaður bíla á mynd er frábrugðinn auglýstu verði.
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
ENNEMM / SÍA / NM83395
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ

# Frægir
# á ferð og flugi

Það var ekki bara á Íslandi sem fólk var á ferð og flugi. Um allan heim voru blússandi partí og fjör í gangi eins og fyrri daginn. Hvað er skemmtilegra annan í þynnku en að renna í gegnum það sem gerðist um helgina? Ekkert.



Drake og O'Brien, vinur hans, voru eiturhressir í eftirpartíi eftir OVO Fest í Kanada um helgina.



Leikarinn Ryan Raftery fer með hlutverk Mörthu Stewart í samnefndum söngleik sem var frumsýndur um helgina.



Hinsegin dagar þeirra Brighton-búa fóru fram um helgina með pomp og prakt.



Söngkonan Rita Ora lét rigninguna í New York-borg ekki aftra sér enda með sérstakan regnhlífarmann.



LEAH RIMINI MÆTTI KAMPAKÁT Í THE LATE SHOW EN HÚN HEFUR TEKIÐ GLEÐINA Á NÝ EFTIR AÐ HAFA FLÚIÐ VÍSINDAKIRKJUNA.



Rapparinn 21 Savage hélt sinn árlega Back to School gleðskap í Atlanta og virðist það allt saman hafa farið friðsamlega fram.



Dale Carnegie



**Neville De Lucia**
er Carnegie Master Trainer og
eigandi Dale Carnegie í Suður-Afríku.

# Z-kynslóðin
# Þarf „læk“ til að líða vel?

**Mannfagnaður á Hilton Reykjavík Nordica þriðjudaginn 15. ágúst frá kl. 9:00 til 12:00**

**Dale Carnegie efnir til mannfagnaðar með það að markmiði að leysa krafta Z-kynslóðarinnar úr læðingi. Z-kynslóðin samanstendur af ungu fólki sem er fætt eftir 1995 og hefur alist upp með netinu og samfélagsmiðlum. Hvaða áskoranir blasa við fólki af þessari kynslóð? Hvernig geta atvinnulífið og skólakerfið hámarkað hæfni þess?**

Skráning á **dale.is/bokanir** og í síma **555 7080**

**Aðgangur ókeypis**

**Neville De Lucia** er Carnegie Master Trainer og eigandi Dale Carnegie í Suður-Afríku. Hann hefur áralanga reynslu í að vinna með ungu fólki. Lífleg framkoma hans og hugmyndir fá þátttakendur til að sjá hlutina frá öðru sjónarhorni.

**Ingibjörg Eva Þórisdóttir** er doktorsnemi í sálfræði og sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu. Hún hefur rannsakað líðan ungs fólks á Íslandi undanfarin ár.

**Unnur Magnúsdóttir** eigandi Dale Carnegie leiðir spurningar og svör.

Mannfagnaðurinn er ætlaður fólki úr atvinnulífinu og starfsfólki menntastofnana sem hefur brennandi áhuga á velgengni ungs fólks, svo og foreldrum Z-kynslóðarinnar.

ÍSLENSKA/SIA.IS DAL 85382 08/17

# Fegurðin fundin í ljótleikanum

**Bolli Magnússon** ljósmyndari tók sér fyrir hendur í sumar að mynda Kópavoginn og varpa á hann öðru ljósi en Kópavogsbúar, og aðrir, eru vanir að sjá bæinn í. Helst eru það iðnaðarhverfi og niðurníðsla sem heilla.



Hér má líta gullfallega og gríðarlanga blokk. MYND/BOLLI MAGNÚSSON

Í sumar var ég í skapandi sumarstörfum í Kópavogi. Verkefni mitt var að taka myndir af Kópavogi. Grunnhugmyndin var sú að fá bæjarbúa til að líta á bæinn sinn öðrum augum og sýna Kópavog í öðru ljósi því að þó að þetta sé ágætis bær er hann almennt ekki talinn neitt sérstaklega fallegur og fólk er ekki mikið að taka myndir hérna. Ég vildi líka gera þetta tímalaust og þess vegna eru allar myndirnar teknar á filmu. Ég gaf svo út tvo stutta ljósmyndabæklinga sem hluta af verkefninu og verð svo með sýningu í Bókasafni Kópavogs frá fimmtánda ágúst til þrettánda september,“ segir Bolli Magnússon, ljósmyndari sem arkaði um Kópavog í sumar og tók myndir af því sem heillaði hann þar í bæ, en það var oftast iðnaður eða einhvers konar niðurníðsla sem varð fyrir valinu. Afraksturinn hefur hann gefið út í tveimur heftum sem nefnast einfaldlega „Kópavogur“.

Hvernig ferðu að því að finna fegurðina, eins og þú skilgreinir hana, í Kópavogi og hvar er hana helst að finna?

„Maður þarf í rauninni bara að finna einhverja fegurð í ljótleikanum. Ég vil meina að allt það flottasta séu öll ógeðslegu iðnaðarhverfin – Smiðjuhverfið, Kópavogshöfnin, Auðbrekkan og Hamraborgin er svo algjör gersemi. Ég tók svolítið af myndum þar og það má segja að þetta sé ákveðið stef í verkunum – þetta er iðnaðartengt og mikið af bílum sem eru í niðurníðslu og þannig.“



Kópavogurinn sýndur í öðru ljósi en oftast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

**ÉG VIL MEINA AÐ ALLT ÞAÐ FLOTTASTA SÉU ÖLL ÓGEÐSLEGU IÐNAÐARHVERFIN – SMIÐJUHVERFIÐ, KÓPAVOGSHÖFNIN, AUÐBREKKAN OG HAMRABORGIN ER SVO ALGJÖR GERSEMI.**

Þannig að það er niðurníðslan sem er hin raunverulega fegurð Kópavogs – það er enga hefðbundna fegurð þar að finna að þínu mati?

„Já. Það er svo mikill karakter í þessu. Það sem er mest heillandi við Kópavog að mínu mati er hvað þetta er yndislega misheppnaður bær og algjört skipulagsslys.“

Bolli mun sýna myndirnar eins og segir hér að ofan í Bókasafni Kópavogs og hefst sýningin þann fimmtánda. Þar verður hægt að kaupa myndirnar en auk þess er hægt að tryggja sér eintak af bæklingunum hans tveimur en til þess þarf að hafa samband við Bolla. **stefanthor@frettabladid.is**


DORMA KYNNIR
SIMBA®
DORMA
Láttu drauminn rætast
EINA ÞRÓUÐUSTU HEILSUDÝNU HEIMS



Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

**Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims**

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

**Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.**

**Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum**

| | |
|---|---|
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.900 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.900 kr. |



Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á
**www.simbasleep.is**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
**Smáratorgi, Kópavogi**
**Dalsbraut 1, Akureyri**
**Skeiði 1, Ísafirði**

DORMA
Láttu drauminn rætast

**ALLTAF VIÐ HÖNDINA**

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store Google Play Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# 10 ÁRA AFMÆLI NISSAN QASHQAI

## KYNNIÐ YKKUR AFMÆLISTILBOÐ Á VÖLDUM GERÐUM AF NISSAN QASHQAI

**Afmælisverð: 3.940.000 kr.**

**Verðlistaverð: 4.290.000 kr.**

## NISSAN QASHQAI ACENTA

Fjórhjóladrifinn, 1,6 dísil, beinskiptur.
Eyðsla 4,9 l/100 km*

Allt frá því að Nissan Qashqai var fyrst kynntur í febrúar 2007 hefur sigurganga hans verið óslitin. Nissan Qashqai var brautryðjandi í flokki sportjeppa og hefur allar götur síðan verið einn vinsælasti bíllinn í flokknum. Heildarsala Nissan Qashqai er orðin yfir 3,3 milljónir bíla og ekkert lát verið á vinsældunum.

Í tilefni af tímamótunum bjóðum við valdar gerðir af Nissan Qashqai á sérstöku afmælistilboði. Hafið samband við sölumenn Nissan og tryggið ykkur nýjan Nissan Qashqai.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. Athugið að búnaður bíls á mynd er frábrugðinn auglýstu verði.

ENNEMM / SÍA / NM83269

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Bjarna Karlssonar




## Von

Um daginn annaðist ég hjónavígslu í samstarfi við fyrirtækið Pink Iceland. Þetta var bjart og fallegt ungt fólk sem býr í San Francisco. Karl frá miðríkjum BNA kominn af lútherstrúarfólki, kona frá Singapore og Indlandi alin upp í múslimskri hefð. Þau völdu að gifta sig á Íslandi úti í miðju Atlantshafi þar sem austur og vestur mætast því þeim þótti það táknrænt fyrir hjónaband sitt.

Athöfnin fór fram á sólríkum degi austur við Hjálparfoss. Eftir að brúðguminn hafði tekið sér stöðu ásamt sínu nánasta kom brúðurin í fylgd síns fólks klædd hvítum drottningarkjól með síðu slöri. Chrissie Guðmundsdóttir lék á fiðlu við dunur foss og mýflugnasuð áður en móðurbróðir brúðarinnar gekk fram og flutti múslimska bæn á arabísku. Þá steig fram faðir brúðgumans og flutti kristna bæn á ensku. Allir biblíutextar sem ég studdist við í þjónustunni voru úr Gamla testamentinu; eldri en íslam og kristni. Svo var beðið Faðirvor og Al-Fatiha bæn múslima í einum allsherjar glymjanda á mörgum tungumálum á meðan brúðhjónin krupu að kristnum sið.

Loks risu þau á fætur, fengu banana og mjólk og heilsuðu fólkinu sínu að indverskum hætti áður en þau tóku við drottinlegri blessun. Það sem uppúr stendur í mínum huga eftir þessa athöfn er það að við öll sem þarna vorum að fagna með brúðhjónunum gerðum það á okkar forsendum. Þarna voru einlægir múslimar og trúaðir lútheranar í bland við fólk sem játar enga trú, öll saman komin í gleði, gagnkvæmu samþykki og virðingu. Skyldi vera hægt að skapa mannheim sem er fjölmenningarlegur, litríkur og hnausþykkur af lifandi gildum sem bæta hvert annað upp? Þessi athöfn á sólskinsdegi við Hjálparfoss fyllti mig þeirri von.











*Bóka þarf flug fram og til baka fyrir kl. 23:59, 11. ágúst 2017. Gildir fyrir valdar dagsetningar tímabilið 20. 8. 2017–10. 2. 2018. BRÍETARTÚNI 13 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS